



## Fundargerð

### Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

34. fundur, föstudaginn 28. janúar 2011, kl. 10:30-12:45 í Orkugarði, Reykjavík

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Friðrik Dagur Arnarson, Elín R. Líndal, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Kjartan Ólafsson (erlendis), Kristín Huld Sigurðardóttir (erlendis) og Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (komst ekki).

**Lagt fram á fundi:** 1) Athugasemdir AO dags. 28. jan. 2011 við „Viðbrögð verkefnisstjórnar við athugasemdum sem bárust í kjölfar kynninga á niðurstöðum faghópa vorið 2010“ (drög 3), áður útsend. 2) Fundargerð 31. fundar 14. jan. 2011 með innfærðum athugasemdum og leiðréttingum t.o.m. 28. jan. 2011, áður útsend. 3) Bókun frá formönnum faghópa I og II vegna rannsóknaleyfa Orkustofnunar á svæðum sem til meðferðar eru í 2. áfanga rammaáætlunar, til verkefnisstjórnar, dags. 27. jan. 2011, *fylgiskjal með fundargerð.*

### Fundarfrásögn

#### 1. Fundargerð frá 14. janúar 2011

**Svanfríður** setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fram kom athugasemd um að lagfæra þyrfti í 4. lið fundargerðar, að um væri að ræða bókun formanns verkefnisstjórnar. Formaður tók að sér að lagfæra þetta atriði, og var fundargerð 31. fundar að svo búnu samþykkt eftir þá breytingu.

#### 2. Vinnan framundan og fundartímar

Farið var yfir mögulega fundartíma á næstunni, þannig að formaður ætti auðveldara með boðun næstu funda. Stefnt er að fundum á föstudögum næstu vikunnar.

#### 3. Staða vinnu í faghópum

**Anna** gerði grein fyrir stöðunni í faghópi II. Tvær virkjunarhugmyndir, Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjun neðri, fóru í endurmat. Nýjar upplýsingar frá Landsneti um línulagnir frá þessum virkjunum höfðu mikil áhrif. Óverulegar breytingar urðu þó á röðun, eða sem nam 1 til 2 sætum, og því er ekki talin þörf á nýrri AHP-röðun hjá faghópi II. Formleg kynning á viðbrögðum við athugasemdum og niðurstöðum faghópsins gæti farið fram á næsta fundi.

**Þóra Ellen** gerði grein fyrir stöðunni í faghópi I. Búið er að taka Búlandsvirkjun gegnum nýtt mat. Einnig var farið yfir athugasemdir við einstakar virkjunarhugmyndir og komu meiri háttar slíkar fram við tvær þeirra, Skatastaði C og Norðlingaölduveitu. Gerðar voru dálitlar breytingar í kjölfar athugasemdanna. Varðandi Norðlingaölduveitu væru athugasemdirnar þó misvísandi. Í Skjálfandafljóti lægju fyrir nýjar upplýsingar um fisk. AHP-röðun bíður, en hægt væri að framkvæma hana þegar ákvörðun liggur fyrir um Selfossvirkjun, og gæti röðunin legið fyrir innan 2ja vikna.

**Agnar** benti á að Landsvirkjun hefði komið skýrslu um Norðlingaöldu (með skýrslunúmerinu LV 2009/16) á framfæri við Rammaáætlun árið 2009, sem tæki af allan vafa um möguleg áhrif á Eyvafen.

#### 4. Selfossvirkjun

**Svanfríður** reifaði málið, en erindi hafa borist frá faghópum I og II vegna vandkvæða við að meta Selfossvirkjun á sama hátt og aðrar virkjunarhugmyndir í rammaáætlun. Ekki virtist ástæða til að amast við virkjuninni nema varðandi áhrif á fiskgengd og veiði. Sambærileg vinna við gagnaöflun og fyrir aðrar virkjunarhugmyndir yrði tímafrek og dýr, en myndi í raun ekki skila þeim svörum sem á þarf að halda. Þar af leiðandi virtist sem svo að meta þyrfti málið með sérstökum hætti. Tillaga sín væri sú, að faghópar I og II skiluðu bókunum um niðurstöður sínar varðandi Selfossvirkjun og verkefnisstjórn tæki síðan á því hvernig lokaskil yrðu. Formaður taldi þetta í raun skila jafn góðri niðurstöðu og fyrir aðrar hugmyndir.

**Kristín Linda** lýsti sig sammála formanni. Rétt væri að afgreiða málið með þessum hætti og að virkjunin færi í mat á umhverfisáhrifum eins og eðlilegt væri.

**Elín** taldi rétt að leggja áherslu á að sérstaða Selfossvirkjunar tengdist einkum veiðinni og lýsti sig sátta við þennan hátt á afgreiðslu málsins.

**Tillaga formanns** hér að framan var að svo búnu **samþykkt**.

(**Anna** vék af fundi)

#### 5. Bókun formanna faghópa I og II

**Svanfríður** gerði grein fyrir málinu, sbr. lið 4b í fundargerð 31. fundar. Orkumálastjóri hefði sent formönnum faghópa I og II athugasemdir, og lægi bókunin nú fyrir í framhaldi af því.

**Þóra Ellen** kynnti bókunina (sjá fylgiskjal með fundargerðinni) og **Guðni** svaraði einstökum atriðum jafnóðum. Fram kom að málið hefði verið borið undir tvo lögfræðinga og hefði annar þeirra bent á að Orkustofnun væri heimilt en ekki skylt að gefa út rannsóknarleyfi.

**Friðrik Dagur** taldi hér um stórt mál að ræða er snerti andann og vinnubrögðin í rammaáætlun. Spurði hann um gildi rannsóknaleyfis í Gjástykki frá árinu 2007, ef ekki var leitað áhlits umhverfisráðuneytis. Einnig sýndist honum að umsagnir Náttúrufræðistofnunar hafi snúið að öðru leyfi en gefið var út 2007.

**Guðni** svaraði spurningu um gildi rannsóknaleyfa, og benti á að slíkt leyfi gildi svo framarlega sem það sé ekki kært.

**Unnur Brá** taldi ekki rétt að fara út í efnislegar umræður þegar ítarlegar bókanir liggja fyrir. Ef löggjafinn hefði sett vilja sinn á blað, þá hefði þetta mál ekki komið upp. Embættismenn telji skyldu sína að vinna skv. gildandi lögum hverju sinni. Beindi hún síðan spurningu til formanns um form umræðunnar.

**Svanfríður** sagði málið hafa verið sett á dagskrá og ósætti um málsmeðferð verði að fá að koma fram, þannig að það sé afgreitt og hægt sé að halda áfram.

**Agnar** kvað rannsóknaleyfið hafa verið fengið til að tryggja fjárhagslega hagsmuni Landsvirkjunar í framhaldi af öðru leyfi. Svæðisskipulag var samþykkt 2007, en nú er svæðið í friðunarferli og mun Landsvirkjun ekki leggja fé í rannsóknir meðan það ferli er í gangi.

(**Unnur Brá** vék af fundi)

**Björg Eva** sagði um stórt grundvallarmál að ræða og óskaði eftir að fá athugasemdir Orkustofnunar til að geta skilið málið. Rétt væri að ræða málið með **Önnu** viðstadda.

**Svanfríður** taldi ekki líkur á að sameiginleg niðurstaða næðist í þessu máli, menn leggja fram bókun og ef öðrum líkar ekki við hana, þá verður að svara á sama hátt.

(**Björg Eva** vék af fundi)

**Kristín Linda** benti á að 2004 var rannsóknaráætlun LV í Gjástykki án borunar. Umhverfisstofnun væri ekki á móti vísindarannsóknnum sem ekki röskuðu neinu. Árið 2007 hefði rannsóknaráætlun hins vegar breytzt, eftir að umsögn Umhverfisstofnunar var gefin. Hún lýsti skilningi á því að rannsóknaraðilar gættu hagsmuna sinna. Útgáfa rannsóknaleyfisins væri kæránleg og rétt að málið hafi sinn gang.

**Stefán** sagði bezt að leiða málið til lykta. Hann gæti ekki séð að orkumálastjóri hafi gert neitt rangt. Réttast væri að beina því til iðnaðarráðherra að óska eftir frestun rannsókna.

**Guðni** benti á að það væri ráðherra ómögulegt að gera, hann væri kærvald vegna útgáfu leyfa og mætti ekki gera sig vanhæfan til þess með afskiptum af málinu.

**Friðrik Dagur** endurtók spurningu um gildi rannsóknaleyfisins frá 2007 og athugasemdir við það með tilliti til framhaldsins.

**Guðni** benti á að gefið var út nýtt rannsóknaleyfi, þar sem komið var fram yfir gildistíma fyrra leyfis. Ekki hefði verið um framlengingu leyfisins frá 2007 að ræða.

**Friðrik Dagur** lýsti áhyggjum af framhaldi vinnunnar. Hann væri ánægður með bókun formanna faghópa I og II, en teldi vanta svör um ýmis atriði málsins.

**Póra Ellen** óskaði eftir að tekin yrði til baka fullyrðing um að staðreyndavillur hefður verið í fyrri útgáfu bókunarinnar, eða að athugasemdir Orkustofnunar yrðu lagðar fram að öðrum kosti.

**Svanfríður** taldi hér um tvö mál að ræða, í fyrsta lagi bókun með afstöðu til ákveðinna mála, í öðru lagi afstöðu til þess hvort staðreyndavillur séu í upprunalegri bókun. Síðarnefnda málið væri rétt að taka fyrir í smærri hópi.

**Póra Ellen** lýsti sig sátta við þessa tillögu formanns, og engar athugasemdir voru gerðar af hálfu annarra fundarmanna. Var þessi málsmeðferð því samþykkt.

(Elín vék af fundi)

Viðbót við fundargerð 34. fundar samþykkt á 43. fundi 12. maí 2011:

#### **Um bókun formanna faghópa I og II**

Á 31. fundi 14. janúar lögðu formenn faghópa I og II fram bókun vegna útgáfu virkjunarleyfa. Eins og fram kemur í fundargerð taldi orkumálastjóri að staðreyndarvillur væru í bókuninni. Á 34. fundi 28. janúar var málið aftur rætt og lögðu formenn faghópa I og II fram nýja bókun sem fylgir þeirri fundargerð. Frekari umræðu um staðreyndavillur í fyrri bókun var síðan vísað til umræðu í minni hópi.

22. febrúar funduðu formenn faghópa I og II ásamt orkumálastjóra og formanni verkefnisstjórnar. Eftir umræðu var niðurstaða hópsins að orðið staðreyndarvillur væri ekki rétt þar sem það sem gagnrýnt var í fyrri bókun væri einkum viðhorf til stjórnslu og verkaskiptingu innan hennar.

Með þessar bókun líta formenn faghópa I og II og Orkumálastjóri svo á að þessu máli sé lokið.

## **6. Önnur mál**

**Sveinbjörn** lýsti verulegum áhyggjum af framvindunni í starfi verkefnisstjórnar í lframhaldi af skilum faghópa. Upprunalega áttu skilin að vera í árslok 2009. Skýrsla faghópa lá fyrir í mars 2010 og athugasemdir voru að berast fram eftir árinu. Enn er aðalverkið eftir, og þætti honum gott ef því lyki vorið 2011. Frumvarpið um rammaáætlun kom fram vorið 2010. Spurning er, hvort verður á undan, en það væri til bóta ef niðurstöður rammaáætlunar lægju fyrir áður en frumvarpið verður að lögum. Langur tími er liðinn og ekki undarlegt að ýmsir aðilar hafi áhuga á virkjunarframkvæmdum í millitíðinni. Þess utan væri uppstokkun ráðherra á döfinni.

**Svanfríður** sagði þetta rétt vera. Áhugavert væri að sjá hvaða fletir væru á málinu í ljósi umsagna um frumvarpið, en það yrði í meðhöndlun hjá iðnaðar- og umhverfisnefnd á næstunni. Málið ætti að klárast fyrir vorið. Rétt væri að hafa sama hátt á og áður að kalla til formenn faghópa við undirbúning mála, þannig að unnið yrði eins hratt og örugglega og unnt væri.

**Kristín Linda** kvaðst vera þeirrar skoðunar að verkefnið hafi ekki verið framkvæmanlegt m.v. þann tímaramma sem gefinn var, setja hefði upp áhættumat á verkinu.

**Svanfríður** benti á að umsagnarferlið um niðurstöður faghópa hefði tekið eitt ár.

**Agnar** sagðist vera sammála **Kristínu Lindu**. Tíminn væri að renna frá okkur og lítið komið á blað. Taldi hann rétt að setja upp verkefnáætlun fram á vorið með tilgreindum nöfnum ábyrgðarmanna við einstaka liði.

**Svanfríður** taldi fyrirbyggjandi efnisyfirlit geta þjónað sem beinagrind í slíkri áætlun.

**Stefán** lýsti sig sammála **Sveinbirni**.

**Sveinbjörn** spurði hvort álit verkefnisstjórnar þyrfti einnig að fara í umsagnarferli.

**Svanfríður** benti á að þingsályktunartillagan færi í umsagnarferli.

Fleiri báðu ekki um orðið, og þakkaði formaður að svo búnu fundarmönnum fyrir komuna og sleit fundi kl. 12:45.

**Kristinn Einarsson**